

Dags eftirlits	13.6.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Benchmark Genetics Iceland hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Bæjarhraun 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620391-1079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Auður Eyberg Helgadóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Julia Morozova	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Losun á fosfór árið 2022 var umfram heimild í starfsleyfi. 2) Þegar eftirlitið fór fram voru efni geymd án viðeigandi lekavarna og öryggisblöð voru ekki til staðar. Þrjár ábendingar voru gerðar: 1) Huga þarf að nákvæmni mælinga. 2) Senda þarf eftirlitsaðila útreikninga á losun fosfórs. 3) Tryggja þarf að réttar upplýsingar komi fram í ársyfirliti.

Ekkert frávík var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. að Seljavogi, Höfnum.

Viðstödd eftirlitið f.h. rekstraraðila voru: Auður Eyberg Helgadóttir, Julia Morozova og Bjarki Guðlaugsson. Freyr Ævarsson var eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar. Auk þess var Tinna Jónsdóttir verkefnastjóri auðlindaeftirlits hjá Orkustofnun viðstödd eftirlitið.

Benchmark, Seljavogi er með starfsleyfi sem var gefið út þann 23.6.2021 og tekur til eldis með allt að 2,8 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
5. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
6. Kynning á nýrri gjaldskrá UST
7. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
8. Önnur mál
9. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Engar markverðar breytingar hafa orðið á starfseminni frá síðasta eftirliti

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi

Ársyfirliti var skilað á tilskildum tíma fyrir árin 2021 og 2022. Losun fosfórs árið 2022 var umfram heimild í starfsleyfi. Rekstraraðila er bent á að huga að nákvæmni mælinga á magni fosfórs í frárennsli og senda eftirlitsaðila útreikninga á losun fosfórs. Auk þess þarf að tryggja að réttar upplýsingar, t.d. varðandi framleiðslu í stöðinni, komi fram í ársyfirlitinu.

Uppfærð umhverfismarkmið, áætlun um meðhöndlun úrgangs, vöktunaráætlun og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda, bárust eftirlitsaðila þann 20.6. sl.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Nokkrar breytingar voru gerðar á áhættumatinu frá síðasta eftirliti, en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Umhverfisstofnun öðlaðist með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, heimild til álagninga stjórnvaldssekta.

5. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg

Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun.

6. Kynning á nýrri gjaldskrá UST

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

7. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

8. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

9. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Þegar eftirlitið fór fram vantaði lekavörn á eina hillu í efnaskáp og tunna með klór var án viðeigandi lekavarna. Auk þess voru engin öryggisblöð til staðar í stöðinni.

Lítill varaafstöð er í stöðinni en engin olía er geymd þar. Ef olíu þarf á varaafstöðina er hún sótt yfir í starfstöð Benchmark í Kirkjuvogi sem er örskammt frá.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 3.4 í starfsleyfi	Losun fosfórs árið 2022 var umfram heimild í starfsleyfi.
gr. 3.11 í starfsleyfi	Lekavörn vantar í eina hillu í efnaskáp, tunna með klór stendur án viðeigandi lekavarna á gólfi stöðvarinnar, öryggisblöð eru ekki til staðar.

ÁBENDINGAR

Huga þarf að nákvæmni mælinga á styrk fosfórs.

Útreikningar á losun fosfórs í viðtaka þurfa að fylgja ársyfirliti svo hægt sé að staðfesta þá.

Tryggja þarf að réttar upplýsingar, t.d. um framleiðslumagn, komi fram í ársyfirliti.


ANNAÐ

Eftirlit á vegum Orkustofnunar fór fram samhliða eftirliti Umhverfisstofnunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.07.2023


Freyr Evarsson

